

## Samþykkt nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktanir um sama efni hafa verið samþykktar á ársfundum Alþýðusambandsins á undanförunum árum. Fáist stjórnvöld ekki til að fullgilda fyrrgreinda samþykkt verði krafa um sambærilega ákvæði og í henni eru sett í kröfugerð verkalýðsfélaganna þegar núgildandi heildarkjarasamningar renna út.

### Greinargerð:

Eins og málum er nú háttað hér landi er atvinnurekanda leyfilegt að segja starfsmanni upp starfi án þess að geta um ástæðu uppsagnarinnar. Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aftur á móti sett það skilyrði að atvinnurekandi skuli ávallt, með eins góðum fyrirvara og hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns.

Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa stéttarfélagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns þá telst uppsögnin ógild.

Fjöldmörg önnur ákvæði er að finna í samþykkt

Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Meðal annars eru taldar upp eftirfarandi ástæður sem ekki teljast gildar til uppsagnar:

- a) aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;
- b) að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur;
- c) að hafa borðið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum, reglugerðum eða kjarasamningi eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds;
- d) kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúar- brögð, stjórnmalaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni;
- e) fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi;
- f) aldur starfsmanns;
- g) fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.